



Borgarráð

Fjölgun samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Lagt er til að borgarráð samþykki afgreiðslu velferðarráðs frá 4. október um fjölgun NPA samninga um 14 frá og með 1. nóvember 2023. Kostnaður hefur verið endurmetinn frá fyrri samþykkt velferðarráðs. Kostnaður Reykjavíkurborgar á árinu 2023 vegna fjölgunar samninga er metinn 46 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki og tilfærslu fjárheimilda úr beingreiðslusamningum yfir í NPA. Kostnaður á árinu 2024 vegna fjölgunar samninga nemur 276,5 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki og tilfærslu fjárheimilda úr beingreiðslusamningum yfir í NPA. Gerður er sá fyrirvari að fjárveitingar ríkisins vegna NPA samninga verði á fjárlögum 2024 og upphæðir geti breyst með samningnum um nýja kostnaðarskiptinu ríkis og sveitarfélaga.

Greinargerð:

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra velferðarsviðs til borgarráðs dags. 17. október 2023.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs 17. okt. 2023

Umsögn FAS um tillögu að fjölgun NPA samninga 17. okt. 2023

Jafnréttisskimun dags. 4. okt. 2023



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Fjölgun samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Forsaga málsins er sú að minnisblað um NPA var lagt fyrir velferðarráð 7. júní sl. Þá lá fyrir að löggjafinn hafði framlengt innleiðingartímabil NPA um tvö ár, eða til loka árs 2024. Jafnframt að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hygðist fjölga NPA samningum um 56 á árinu 2023.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð fagnar ákvörðun félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um að fjölga NPA samningum um 56 og framlengja innleiðingartímabilið út árið 2024. Ráðið hvarf að enn skuli settar fjöldatakmarkanir af hálfu ríkisins á þjónustu sem skilgreind er í lögum sem réttindi, og jafnframt efast ráðið um að hægt sé að byggja upp þjónustu sem hægt sé að stóla á meðan áframhaldandi þátttaka ríkisins í kostnaði er í óvissu ár frá ári. Velferðarráð leggur ríka áherslu á að niðurstaða náist í samræðum ríkis og sveitarfélaga um fulla fjármögnun þjónustu við fatlað fólk, með þeim hætti að tryggt sé að sú þjónusta sem sveitarfélögum er falið að veita í lögum sé fullfjármögnuð, enda er óheimilt að fela sveitarfélögum verkefni án þess að fjármögnun þeirra liggi fyrir. Fáir þessi þjónusta sveitarfélaganna ekki fulla fjármögnun er nokkuð ljóst að erfitt reynist að byggja hana frekar upp og fjölga samningum.

Í Reykjavík eru 27 einstaklingar með þjónustu í formi NPA. Þá eiga 44 einstaklingar samþykka umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist.

Ekki hefur tekist að fjölga samningum um NPA á þann hátt sem löggjafinn gerði ráð fyrir og því var innleiðingartímabil NPA framlengt um tvö ár, til loka árs 2024. Samningum um NPA hefur ekki verið fjölgað í Reykjavík frá árinu 2021. Ástæðan er sú að ekki fékkst mótframlag frá ríki vegna nýrra NPA samninga á árinu 2022 og engir samningar hafa verið settir af stað á árinu 2023.

Í lok árs 2022 tilkynnti ráðherra félags- og vinnumarkaðsmála að búið væri að tryggja mótframlag vegna rúmlega 50 nýrra NPA samninga á árinu 2023. Jafnframt stendur yfir vinna í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu við endurskoðun reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð.

Mikil vinna hefur átt sér stað allt þetta ár við endurskoðun á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna málaflokks fatlaðs fólks enda gríðarlegur halli á málaflöknum. Vonir standa til þess að nú sjái fyrir endann á þeirri vinnu og niðurstöðu að vænta fljótlega.



Sveitarfélögum er lögum samkvæmt skylt að vinna að innleiðingu þjónustunnar á innleiðingartímabilinu. Ríkið hefur á þessu ári boðið mótframlag fyrir þó nokkurn fjölda nýrra samninga og þá er kostnaðarskipting milli þessara aðila alveg skýr.

Tillaga um fjölgun NPA-samninga var samþykkt í velferðarráði 4. október sl. og vísað til borgarráðs. Áður en tillagan var send borgarráði var aflað umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs og er sú umsögn meðfylgjandi. Nokkrar breytingar voru gerðar á tillögunni til að skýra betur útreikninga og fjárhæðir en engar efnisbreytingar voru gerðar á þeirri tillögu sem samþykkt var í velferðarráði.

Samþykkt velferðarráð 4. október var eftirfarandi:

Lagt er til að samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) verði fjölgað um 14 frá og með 1. nóvember 2023. Kostnaður á árinu 2023 vegna fjölgunar samninga er metinn 80 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki. Kostnaður á árinu 2024 vegna fjölgunar samninga nemur 481 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL23090085.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og er markmið þjónustunnar að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttáð. Í því ljósi telja fulltrúar meirihlutans gríðarlega mikilvægt að samþykkja aukningu á samningum um NPA til þess að veita megi fleiri þjónustu sem bíða eftir henni. Mikilvægt er að réttindi fatlaðs fólks séu virt í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Nauðsynlegt er að öll þau sem eiga rétt á NPA samningi fái slíkt án þess að bíða til lengdar. Samningum um NPA hefur ekki verið fjölgað í Reykjavík frá árinu 2021. Í Reykjavík eiga 44 manneskjur samþykktu umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist. Það er óásættanlegt að fólk sé látið bíða til lengdar. Mikilvægt er að ríkið taki þátt í kostnaði og að öllu fólki sé tryggð sú lögbundna þjónusta sem það á rétt á.

Lagt er lagt er til að samningum um NPA verði fjölgað um 14 frá og með 1. nóvember 2023. Kostnaður á árinu 2023 vegna fjölgunar samninga er metinn 46 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki og tilfærslu fjárheimilda úr beingreiðslusamningum yfir í NPA. Kostnaður á árinu 2024 vegna fjölgunar samninga nemur 276,5 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki og tilfærslu fjárheimilda úr beingreiðslusamningum yfir í NPA.

Tillagan felur í sér viðbótarkostnað fyrir velferðarsvið. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sem nemur 34 m.kr. vegna beingreiðslusamninga verði færð yfir í NPA-samninga fyrir síðustu tvo mánuði á ársins 2023 og 204 m.kr. fyrir árið 2024. Óskar velferðarsvið því eftir 46 m.kr. í aukinni fjárheimild á árinu 2023 og 276,5 m.kr. í aukinni fjárheimild fyrir árið 2024.



Reykjavíkurborg

Aukinn kostnaður er án væntanlegra nýrra kjarasamninga 2024. Athygli er vakin á því að ekki verður hægt að bæta við nýjum beingreiðslusamningum á árinu 2024 sökum tilfærslu á fjárheimildum.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 4. október 2023.

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	4. október 2023
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Aðalbjörgu Traustadóttur
Verkefni/tillaga:	Fjölgun samninga um NPA
Þjónustupáttur:	Notendastýrð persónuleg aðstoð
Stofnun/kostn.st.:	F4410
Fjárhæð:	Kostnaður á árinu 2023 vegna fjölgunar samninga er metinn 80 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki. Kostnaður á árinu 2024 vegna fjölgunar samninga nemur 481 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tillagan felur í sér að samningum um notendastýrða persónulega aðstoð verði fjölgað um 14 samninga.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Úthlutun og forgangsröðun nýrra samninga um notendastýrða persónulega aðstoð tekur mið af stöðu umsækjenda sem eiga samþykktar umsóknir um NPA og eru óháðar kyni.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir notendur sem eiga samþykktar umsóknir um notendastýrða persónulega aðstoð..
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Um er að ræða einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar og því er um jaðarsettan hóp að ræða.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Ekki að svo stöddu.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Umsögn FAS um tillögu að fjölgun NPA samninga

Fyrirliggjandi er svohljóðandi tillaga borgarstjóra dags. 17. október 2023:

„Lagt er til að borgarráð samþykki afgreiðslu velferðarráðs frá 4. október um fjölgun NPA samninga um 14 frá og með 1. nóvember 2023. Kostnaður hefur verið endurmetinn frá fyrri samþykkt velferðarráðs. Kostnaður Reykjavíkurborgar á árinu 2023 vegna fjölgunar samninga er metinn 46 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki og tilfærslu fjárheimilda úr beingreiðslusamningum yfir í NPA. Kostnaður á árinu 2024 vegna fjölgunar samninga nemur 276,5 m.kr. að teknu tilliti til 25% mótframlags frá ríki og tilfærslu fjárheimilda úr beingreiðslusamningum yfir í NPA. Gerður er sá fyrirvari að fjárveitingar ríkisins vegna NPA samninga verði á fjárlögum 2024 og upphæðir geti breyst með samningnum um nýja kostnaðarskiptinu ríkis og sveitarfélaga.“

Tillagan byggir á tillögu sem samþykkt var í velferðarráði 4. október sl. og vísað var til afgreiðslu borgarráðs. Fjármála- og áhættustýringarsviði hefur verið falið að gefa umsögn um tillöguna.

Tillaga um að fjölga um 14 nýja NPA samninga felur í sér viðbótarkostnað fyrir Reykjavíkurborg sem ekki hefur verið áætlað fyrir. Hefur velferðarsvið óskað eftir 46 m.kr. í auknar fjárheimildir á árinu 2023 og 276,5 m.kr. í auknar fjárheimildir árið 2024 til að fjármagna þá viðbótar samninga sem liggja hér til samþykktar og hefur þá verið tekið tillit til tilfærslu fjárheimilda úr beingreiðslusamningum sem nemur 204 m.kr. á ársgrundvelli. Samkvæmt því má ætla að hver samningur muni kosta að meðaltali 45,8 m.kr. Samanlagt má ætla að útgjöld vegna þessara samninga nemi 641 m.kr. á ársgrundvelli, en þar af verði mótframlag ríkisins 160 m.kr.

Í greinargerð velferðarsviðs með tillögunni kemur fram að löggjafinn hafi framlengt innleiðingartímabil NPA um tvö ár eða til loka árs 2024. Hafi það verið gert þar sem ekki hafði tekist að fjölga samningum um NPA á þann hátt sem löggjafinn gerði ráð fyrir. Fram kemur að samningum um NPA hefur ekki verið fjölgað í Reykjavík frá árinu 2021 þar sem ekki fékkst mótframlag frá ríkinu vegna nýrra NPA samninga á árinu 2022 og engir samningar hafa verið settir af stað á árinu 2023. Í greinargerðinni kemur fram að ráðherra félags- og vinnumarkaðsmála hafi tilkynnt í lok árs 2022 að búið væri að tryggja mótframlag ríkisins vegna rúmlega 50 nýrra NPA samninga á árinu 2023. Mikilvægt er að árétta að mótframlag ríkisins



vegna NPA samninga er aðeins um 25% af kostnaði hvers samnings. Á þá eftir að fjármagna þau 75% sem eftir standa og þarf velferðarsvið að standa undir þeim kostnaði.

Ofangreinda tillögu er nauðsynlegt að skoða í ljósi þess að málaflökkur fatlaðra er í heild sinni verulega vanfjármagnaður af hálfu ríkisins og nam halli málaflökksins árið 2022 hjá Reykjavíkurborg 9.280 m.kr. og var 88,6% umfram þær útsvars- og jöfnunarsjóðstekjur sem ráðstafað er með lögum í málaflökkinn. Ítrekað hefur verið á það bent að þennan halla verði ekki við unað enda ógnar hann sjálfbærni í rekstri borgarinnar.

Fjárhagsáætlun A-hluta fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir því að halli verði af rekstri borgarinnar en engu að síður hafði verið gert ráð fyrir því að fjármagna einhverja fjölgun samninga á árinu. Öðru máli gegnir um næsta ár, enda ennþá mikil óvissa um niðurstöður í viðræðum ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflökks fatlaðs fólks. Vegna erfiðrar stöðu í rekstri og ytra efnahagslegu umhverfi felur fjárhagsáætlun ársins 2023 í sér kröfu um umtalsverða hagræðingu í rekstri allra sviða og skv. úthlutun fjárheimilda fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir sambærilegri hagræðingarkröfu. Svigrúmið til að taka inn viðbótarútgjöld upp 276,5 m.kr. á árgrundvelli er því ekki til staðar án frekari aðgerða.

Þá er mikilvægt að benda á að mótframlag ríkisins verður aðeins veitt á skilgreindu innleiðingartímabili NPA út árið 2024 skv. gildandi lögum nr. 38/2018, ákvæði I til bráðabirgða, og mun að þeim tíma liðnum falla alfarið niður. Frá árinu 2025 þarf Reykjavíkurborg því að fjármagna allt að 550 m.kr. til viðbótar þegar mótframlag ríkisins fellur niður varanlega, sé tekið tillit til gildandi NPA samninga og viðbóta NPA samninga skv. þessari tillögu. Samanlagt munu viðbótarútgjöld borgarinnar því hækka um rúmlega 825 m.kr. inn í framtíðina vegna NPA sem er ófjármagnað í fimm ára áætlun. Er þá ótalin sá biðlisti sem enn er til staðar eftir NPA þjónustu.

Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að fjárhagsáætlanir næstkomandi árs eru bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 1. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Viðauki er þó ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Þá skulu skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga samanlögð heildarútgjöld borgarinnar á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150%. Vegna fjárhaglegra áhrifa af Covid-19 faraldrinum samþykkti alþingi með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 að vikið yrði til hliðar fjármálaeignum sveitarfélaga skv. ákvæði 64. gr. um jafnvægis- og skuldareglu sveitarstjórnarlaga tímabundið til loka árs 2025. Halli af málaflökki fatlaðra mun að óbreyttu fela í sér verulega íþyngjandi áhrif á fjárhagsstöðu borgarinnar og fela í sér ófyrirséðar ráðstafanir í rekstri.

Fjármála- og áhættustýringarsviði hefur yfirumsjón með fjármálastjórn borgarinnar og ber að gæta að reglum um ábyrga fjármálastjórn svo og ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins og að veita aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Ekki eru dregnar í efa þær lögbundnu skyldur sem sveitarfélögin hafa skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og rétt einstaklinga til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skv. 11. gr.



laganna. Kostnaður vegna nýrra samninga um NPA þjónustu þurfa þó eins og öll önnur útgjöld að rúmast innan ramma fjárheimilda skv. sveitarstjórnarlögum. Mótframlag ríkisins sem nemur 25% af kostnaði vegna fjölgunar NPA samninga dugar ekki nema að hluta til að mæta auknum útgjöldum og vantar upp á það sem nemur 276,5 m.kr. á ársgrundvelli að teknu tilliti til tilfærslu á framlögum úr beingreiðslusamningum skv. tillögumni. Þetta felur í sér að forgangsraða þarf fjárheimildum með nýjum hætti annað hvort innan ramma sviðsins eða milli málaflokka í rekstri borgarinnar við frágang fjárhagsáætlunar 2024 og fimm ára áætlunar til ársins 2028. Sama á við um mótframlagið sem mun falla á borgina, 550 m.kr., þegar innleiðingartímabili NPA samninga lýkur skv. lögum í lok árs 2024.

Að lokum er áréttað mikilvægi þess að gengið sé frá samningum milli ríkis og sveitarfélaga um fulla fjármögnun á málaflökki fatlaðs fólks í nútíð og framtíð. Það er í hæsta máta óábyrgt af alþingi að fela sveitarfélögum með lögum þjónustu án þess að því fylgi tekjustofnar sem standa undir kostnaði við framkvæmd og uppbyggingu til að takast á við biðlista og væntingar notenda. Það setur bæði sveitarfélögin og notendur í ópolandi stöðu.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs